

Fuglar á helstu vötnum og mýrlendi í Garðabæ 2017

Talningar á Vífilsstaðavatni, Vatnsmýri, Urriðavatni, Bessastaðatjörn,
Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn.


Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar



Desember 2017
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Ágrip.....	3
Inngangur	4
Aðferðir	4
Athugunarsvæði	4
Niðurstöður	8
Vífilsstaðavatn	10
Urriðavatn	12
Vatnsmýri	14
Bessastaðatjörn	16
Kasthúsatjörn og endurheimt votlendi við hana	19
Breiðabólstaðatjörn	22
Umræða	24
Vífilsstaðavatn, Vatnsmýri og Urriðavatn	24
Bessastaðatjörn	26
Kasthúsa- og Breiðabólstaðatjörn	26
Lokaorð	27
Heimildir	28
Viðaukar	29



1. mynd. Flórigoði á tilbúnu hreiðurstæði á Vífilsstaðavatni 5. júní 2014. Ljós. JÓH.

Forsíðumynd: Skúfandarsteggur á Vífilsstaðavatni 5. júní 2014, ljós. JÓH.

Ágrip

Á árinu 2017 var talið 13 sinnum á helstu vötnum og einu mýrlendi í Garðabæ (í stærðarröð): Bessastaðatjörn, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni, Vatnsmýri, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn. Niðurstöður talninga er bornar saman við eldri talningar höfunda, nokkrar á tímabilinu 2000-2013 í hinum gamla Garðabæ; einu sinni, árið 2014, á hinu gamla Álftanesi.

Alls sáust 50 fuglategundir á öllum talningarsvæðum, flestar á Bessastaðatjörn (43) og fæstar á Vífilsstaðavatni og í Vatnsmýri (24).

Flórigoðar urpu bæði við Urriðavatn og Vífilsstaðavatn. Reynt hefur verið að búa í haginn fyrir flórigoðann á Vífilsstaðavatni, með því að útbúa hreiðurstæði fyrir hann. Sumarið 2016 reyndu flórigoðar varp á 7 tilbúnum hreiðurstæðum með misjöfnum árangri, 5 ungar komust á legg. Árið eftir, 2017, voru útbúin tvö hreiðurstæði á vatninu og voru þau bæði nýtt, en einungis einn ungi komst á legg. Á Urriðavatni komust a.m.k. tveir ungar á legg bæði árin. Flórigoðinn er að færa út kvíarnar á Innnesjum, þó honum gangi brösuglega á Vífilsstaðavatni. Nú fannst hann með unga á Hvaleyrarvatni í fyrsta skipti og á Rauðavatni í fyrsta sinn í rúm 100 ár. Lítið varp var aftur á móti við Ástjörn.

Skúfönd styrkti sig í sessi á efri vötnunum og er hún algengasta öndin þar, en duggöndin er nær horfin. Henni hefur fækkað mikið á landinu öllu síðustu ár. Grágæs og æðarfugl voru algengustu fuglarnir á Bessastaðatjörn, en stórt æðarvarp er í Bessastaðanesi. Hettumáfur er hættur að verpa við Bessastaðatjörn, þar var um tíma stærsta hettumáfsvarp landsins. Eina stóra varpið á Innnesjum er á Ástjörn við Hafnarfjörð. Stormmáfur varp í Vatnsmýri í fyrsta sinn en varpið misfórst. Kríur eru að sækja í sig veðrið á ný á Álftanesi, eftir lægð vegna ætisskorts frá árinu 2005. Ekkert varp að ráði er þó á talningarsvæðunum. Spörfuglar eru ekki áberandi í votlendi, helst eru það starar og sáust stundum hópar í ætisleit, hrafnar sáust einnig öðru hvoru. Fáeinir sjaldgæfir flækingsfuglar sáust, þar má nefna hálegg, fugl sem sást til skiptis á Suðurnesjum, Seltjarnarnesi og við Kasthúsatjörn. Þessi tegund hefur ekki sést á landinu fyrr. Hrístastelkur er einnig nýr fugl á Álftanesi en þar sáust tveir fuglar.

Mýri við austanverða Kasthúsatjörn var endurheimt í ársbyrjun 2017 og tókst endurheimtin vel, landið hélst blautt lengi sumars og þar var talsvert af fuglum. Jafnframt var mýri við Urriðavatn endurheimt síðla árs.

Mikilvægi þessara talninga verður seint ofmetið, þær skipta sköpum í því að afla upplýsinga um fugla og búsvæði þeirra í Garðabæ og virka jafnframt sem mælikvarði á allt lífríki votlendanna og ástand þess. Áhugavert verður að sjá áhrif endurheimtar votlendis við Kasthúsatjörn og Urriðavatn á fuglalíf.

Inngangur

Að beiðni Erlu Biljar Bjarnardóttur, umhverfisstjóra og Lindu Bjarkar Jóhannsdóttur, fyrir hönd umhverfisnefndar Garðabæjar, tóku undirritaðir að sér að vakta fugla á vötnum og tjörnum í Garðabæ, sbr. verk- og kostnaðaráætlun dags. 9. janúar 2017. Áætlunin gerði ráð fyrir 11 talningum frá apríl til október 2017. Vötn og tjarnir sem voru talin ná bæði yfir „gamla“ Garðbæ og Álfanes: Vífilsstaðavatn, Urriðavatn, Vatnsmýri við Vífilsstaði, Bessastaðatjörn, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn. Jafnframt var fylgst með fuglum í nýendurheimtu votlendi við Kasthúsatjörn.

Tilgangurinn með talningum var að afla upplýsinga um núverandi ástand fuglalífs og hvort breytingar hafi orðið, frá því að síðast var talið á þessum svæðum. Í skýrslunni er sagt frá niðurstöðum talninga 2017 og þær bornar saman við talningar fyrri ára (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013, 2015). Jafnframt er sagt frá stökum talningum á Vífilsstaða- og Urriðavatni 2016, en þær voru gerðar til þess að afla upplýsinga um afkomu hjá flórgoða, sérstaklega til að skoða notkun tilbúinna varpstæða á Vífilsstaðavatni (1. mynd). Samhliða talningunum var fylgst með flórgoða á Ástjörn og Hvaleyrarvatni í Hafnarfirði, til að fá heildartölu hans á svæðinu. Upplýsingar á fuglaskráningarvefnum *eBird* voru skoðaðar.

Við þökkum öllu því ágæta fólki, sem lagði okkur lið við þessar athuganir: Friðbirni B. Möller, starfsmanni hjá Forsetaembættinu, fyrir upplýsingar og að fá leyfi til að aka um hlaðið á Bessastöðum. Umhverfisstjórum, umhverfisnefnd og starfsmönnum Garðabæjar: Erlu Bil Bjarnardóttur, Lindu Björk Jóhannsdóttur, Ástu Leifsdóttur og Jónu Sæmundsdóttur, formanni umhverfisnefndar. Hrafni Svavarssyni fyrir upplýsingar af *eBird* fuglaskráningarvefnum.

Aðferðir

Talið var 13 sinnum á þessum vötnum og tjörnum, þó svo að kostnaðaráætlun hafi gert ráð fyrir 11 talningum. Talningar dreifðust yfir nær allt árið, en voru þéttastar yfir fartímann að vori og svo síðsumars. Fáar talningar voru að vetrarlagi þegar ís liggur yfir vötnum. Annað hvort töldu menn saman (8x), þá taldi annar meðan hinn ritaði, eða stakir og þá kom upptökutæki í stað ritara. Svipuðum aðferðum var beitt á vettvangi eins og í fyrri talningum: talið var af góðum útsýnisstöðum með fjarsjám, 20-60x77 mm og 25-55x82 mm, auk handsjónauka. Tvær talningar frá árinu á undan á Vífilsstaðavatni og Urriðavatni, 6. júní og 18. ágúst, auk athugana á flórgoða á Vífilsstaðavatni sama ár, eru teknar með.

Oftast var talið úr bíl, við Vífilsstaðavatn var talið vestan og norðan megin vatns. Vatnsmýri var talin frá Elliðavatnsvegi og Urriðavatn frá Fjánhúsholti (veginum að Setbergsvelli), frá Elliðavatnsvegi og Vesturvíkin og votlendið norðan hennar voru talin frá bílastæði á Hrauntanga. Bessastaðatjörn var talin af hlaðinu á Bessastöðum, frá Jörfa og veginum í Seylu; Breiðabólstaðatjörn og nýendurheimt votlendi við Kasthúsatjörn frá Jörfavegi og loks Kasthúsatjörn frá vesturenda hennar.

Allar myndir eru teknar af höfundum, nema mynd á bls. 10 er af kortasjá Garðabæjar. Daníel Bergmann stýrði drónamyndatökum.

Athugunarsvæði

1. Vífilsstaðavatn er um 25 ha að stærð. Það liggur í kvos milli Vífilsstaðahlíðar að suðvestanverðu, Sandahlíðar að suðaustanverðu, Smalaholts að austan og Skyggnisholts að norðan (2. mynd). Mólendi og brekkur liggja að vatninu, nema að sunnanverðu, þar er mýrlendið Djákrókar. Í mýrinni eru kaldavermsl og rennur vatn frá þeim í litlum lækjum til vatnsins. Þar var vatnsverndarsvæði og vatnsból Garðabæjar, sem voru aflögð 2007. Vífilsstaðalækur (Hraunsholtslækur) fellur úr

vatninu til sjávar í Arnarnesvogi. Vífilsstaðavatn og hlíðarnar og holtin í kring voru friðlýst sem friðland í nóvember 2007.

2. Urriðavatn eða Urriðakotsvatn er hraunstíflað vatn, um 12 ha að stærð. Það liggur í kvos milli Setbergsholts (Fjárhúsholts) að vestanverðu, Hádegisholts að sunnan og Urriðaholts að austan. Að norðan afmarkast vatnið af tungu úr Svínahrauni, sem nefnist Hrauntangi og stíflar hann kvosina. Aðrennsli í vatnið er um Oddsmýrarlæk og afrennsli um Stórákrókslæk (Kaplakrikalæk), sem sameinast Setbergslæk og mynda þeir Hamarskotslæk eða Lækinn í Hafnarfirði. Við hraunjaðarinn austanverðan, norður úr vatninu, gengur Vesturmýri. Sunnan vatns er Dýjamýri, sem heitir Purramýri vestast (3. mynd).
3. Vatnsmýri er við ofanverðan Vífilsstaðalæk (Hraunsholtslæk), neðan Vífilsstaða, hún er flæðimýri, um 5 ha að stærð. Vatnsmýri er forblaut á vorin, í apríl og maí, en þegar líður á sumarið þornar hún yfirleitt mikið. Þetta er lítið en gróskumikið votlendi sem var ofbeitt af hrossum á árum áður (4. mynd).
4. *Bessastaðatjörn* er stór tjörn og sú stærsta í Garðabæ (nærri hálfur ferkílómetri, 49,3 ha, 5. mynd). Hún var fyrrum leira og opnaðist til sjávar í svonefndum Dugguósi í Seylunni. Honum var lokað með uppfyllingu í apríl 1953. Annars væri Bessastaðatjörn svipuð Skógtjörn, leira þar sem sjávarfalla gætti. Fjórir hólmar eru í Bessastaðatjörn, Stekkjarhólmi, Bessi (Bessastaðahólmi), Sandey og ónefndur hólmi í minni Kálfsskinns (líkl. manngerður). Auk þess pínulítill manngerður hólmi, Kóri að nafni. Norðan úr tjörninni að vestanverðu ganga tveir kílar eða skurðir og heitir annar Breiðiskurður. NV úr tjörninni er mjó og löng vík sem kallast Kálfskinn, innsti hluti hennar er með kílum og tögum. Mikið varp er víða umhverfis tjörnina.
5. *Kasthúsatjörn* er strandvatn (2,1 ha) sem hefur talsvert breyst á síðustu áratugum, áður flæddi sjór reglulega í tjörnina með tilheyrandi þangburði á vetrum, en mjög hefur dregið úr því með styrkingu sjóvarna og uppfyllingu sjávarmegin við tjörnina (6. mynd). Framræst mýri er sunnan og austan við Kasthúsatjörn, sem lengi hefur staðið til að endurheimta (Guðmundur A. Guðmundsson 1996), en hún var endurheimt að hluta (um 3,1 ha) í ársbyrjun á 2017.
6. *Breiðabólstaðatjörn* er sömuleiðis strandvatn, (1,3 ha) en tjörnin er nokkuð minni en Kasthúsatjörn og mýrlendi umhverfis hana er lítið.


Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn eru báðar þekktar meðal fuglaskoðara fyrir tíðar heimsóknir sjaldgæfra fugla og flækinga.



2. mynd. Vífilsstaðavatn 27. ágúst 2016. Ljós. DB/JÓH.



3. mynd. Urriðavatn 27. ágúst 2016. Myndin er tekin áður en mýrin austan vatnsins var endurheimt. Ljós. DB/JÓH.



4. mynd. Vatnsmýri 26. mars 2006. Þarna sést glögglega að mýrin er flæðimýri. Ljós. JÓH.



5. mynd. Bessastaðatjörn með helstu örnefnum. Það glittir í endurheimt votlendi í Bessastaðanesi, innaf Músavík og sunnan við Seyluna. Ljós. DB/JÓH 27. ágúst 2016.



6. mynd. Kasthúsatjörn og nágrenni 27. ágúst 2016. Myndin er tekin áður en hafist var handa við að endurheimta votlendi austan tjarnarinnar. Handan við byggðina glittir í Breiðabólstaðatjörn. Ljós. DB/JÓH


Niðurstöður

Alls fundust 50 fuglategundir í talningunum á þeim 6 votlendissvæðum, sem skoðuð voru, en ekki hefur áður verið talið samtímis á þeim öllum. Í 1. töflu er samantekt á tölu fuglategunda í þeim talningum, sem höfundar hafa framkvæmt frá árinu 2000, aðallega á vötnum í Garðabæ, en við sameiningu bættumst vötn og tjarnir á Álftanesi við fuglavöktun í Garðabæ (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006, 2009, 2013, 2015, Jóhann Óli Hilmarsson 2010). Árið 2017 sáust flestar tegundir á Bessastaðatjörn, en fæstar á Vífilsstaðavatni og í Vatnsmýri (1. tafla). Fleiri tegundir sjást á tjörnum á Álftanesi, þar sem þar eru einnig fuglar sem koma úr fjöru og af grunnsævi, ásamt þeim fuglum sem nýta sér tjarnirnar. Á Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og Vatnsmýri sáust fuglar í öllum talningum, þó svo að þeir hafi verið fáir að vetrarlagi. Í lok apríl fer fuglum að fjölga og eru þeir tæplega 300 um hávarptímann um miðjan júní. Fuglum fækkar aðeins eftir það og svo fara þeir að hverfa að vötnunum í september (7. mynd, 1.-3. viðauki).


Á Álftanesi nýttu fuglar meira tjarnir þegar þær voru ísalausar, samanber talningu í byrjun janúar, en svo þegar ís var á tjörnum voru þar mjög fáir fuglar. Flestir voru fuglarnir um vorið og á fellitíma í júlí, en fækkaði verulega í ágúst, nokkur hundruð fuglar voru þó á tjörnunum fram í október (8. mynd og 4., 6. og 7. viðauki).

1. tafla. Tala tegunda á vötum og völdu votlendi í Garðabæ á árunum 2000 – 2017 skv. athugunum höfunda.

Staður	2000	2004	2005	2006	2009	2013	2014	2017
Vífilsstaðavatn	18	23	21	21	19	24		24
Vatnsmýri		20	19	17		24		24
Urriðavatn	13	25	19	21		27		27
Bessastaðatjörn							36	43
Kasthúsatjörn							34	32
Breiðabólsstaðatjörn							26	32
Alls	21	32	30	32		32	41	50



7. mynd. Heildartala fugla á Vífilsstaðavatni, Vatnsmýri og Urriðavatni árið 2017.



8. mynd. Heildartala fugla í votlendum á Álftanesi árið 2017.

Vífilsstaðavatn

2016

Sumarið 2016 lét umhverfisstjóri setja upp 4 hreiðurstæði eða flothreiður fyrir flórgoða. Eitt þeirra var fjarlægt fljótlega vegna truflana. Orpið var í öll hreiðurstæðin og fjögur að auki (9. og 10. mynd). Flórgoðinn er ólíkindatól og þó þeir vilji verpa nærri hver öðrum, eru sífelld slagsmál um hreiðurstaði, sérstaklega þegar þeir eru af skornum skammti. Fuglarnir voru því að verpa og eyðileggja hver fyrir öðrum á víxl. Auk þess voru erlendir eggjapjófar staðnir að verki þegar einn leikja Íslands stóð yfir í Evrópukeppni í knattspyrnu (Erla Bil Bjarnardóttir). Það komust þó allavega 5 ungar á legg.




9. mynd. Hreiðurstaðir flórgoða á Vífilsstaðavatni 2016. Þrjár voru manngerðir, en fuglarnir útbjuggu sjálfir hina fjóra.

Álftaparið, sem varp í Vatnsmýri, kom fjórum ungum upp á Vífilsstaðavatni. Skúfönd var algengasta öndin og sáust kollur með unga í júlí og ágúst, þrjú duggandarpör sáust í júní, en engin duggönd í ágúst. Hinn 6. júní sást skeiðandarpar, en þeirra hefur ekki orðið vart fyrr svo okkur sé kunnugt. Stakur himbrimi sást af og til.


2017

Á Vífilsstaðavatni sáust fuglar allt árið. Í byrjun mars þegar önnur vötn og tjarnir voru lögð þá var vök við uppsprettur (vatnsból) í suðausturenda vatnsins. Þar voru fáeinir rauðhöfða-endur og stökkendur. Fuglum fjölgaði eftir miðjan apríl, í júlí til september voru þeir yfirleitt fleiri en hundrað í talningunum. Frekar fáir fuglar sáust í tveimur talningum, þann 16. maí (43) og 25. maí. (35, 12. mynd og 1. viðauki). Að meðaltali sáust 75 fuglar við vatnið (1. viðauki).

Þetta sumar voru aðeins tvö hreiðurstæði fyrir flórgoða sett upp í vatninu og stóð allnokkur styr um þau. Orpið var í annað hreiðrið og gekk brösuglega (Ásta Leifsdóttir). Fuglar sáust við hitt hreiðurstæðið. Einn ungi sást 15. ágúst og 6 ungar 4. september, en uppruni þeirra er óviss.




10. mynd. Flórigoðar við tilbúið hreiðurstæði á Vífilsstaðavatni 4. júní 2016. Ljós. JÓH



11. mynd. Skúfandarkolla með unga. Ljós. JÓH.

Skúfönd var algengasta öndin á vatninu eins og undanfarin ár. Þær fyrstu sáuust 11. apríl og sáuust þær fram í október. Tæplega 120 skúfendur voru á vatninu frá miðjum júlí og fram í september. Níu kollur sáuust með unga í júlí (11. mynd). Aðeins sáuust tvær aðrar andategundir með unga, tvær stökkandarkollur með 6 unga 17. júlí og stök toppandarkolla með 7 unga um miðjan september (1. viðauki). Mest sáuust 5 duggendur, 17. júlí, en

endranær aðeins 1-2. Hringönd sást um vorið, hún er lík skúföndinni og amerísk að uppruna. Karlfugl sást á Vífilstaðavatni og Urriðavatni. Álftahjón urpu í Vatnsmýri og ólu þrjú unga sína á vatninu. Grágæsir voru lítt áberandi, 32 fuglar sáust 15. september, það var stærsti hópurinn (1. viðauki).



12. mynd. Fuglar á Vífilstaðavatni árið 2017.

Stakur himbrimi sást í talningum frá miðjum maí til miðs júlí. Stakur dílaskarfur 25. janúar, þegar vatnið var alautt. Lítið varð vart við kríur í varpi, en slæðingur sást frá miðjum maí fram í miðjan júlí, mest 24 þann 16. maí. Slæðingur sást af öðrum fuglum (1. viðauki).

Urriðavatn

2016

Álftapar varp og kom 5 ungunum á legg, en 6 ungar komust á vatn. Þann 18. ágúst var toppandarkolla með 5 unga á vatninu og stökkandar- og skúfandarungar sáust. Að minnsta kosti eitt flórgoðapar varp og kom upp tveimur ungunum. Í október sáust tvær hvinendur.

2017


Við Urriðavatn voru einnig fuglar í janúartalningu eins og við Vífilstaðavatn. Þá voru 25 hrafnar á þvælingi við vatnið en einnig var þar dílaskarfur og rauðhöfðaendur á vök við skurði í suðurhluta vatnsins. Eftir að vorið var brostið á af fullum þunga, í seinni hluta apríl, voru um 50 fuglar á vatninu og sjást ekki færri en það fyrr en í október, flestir eru fuglarnir um og eftir fellitíma í ágúst (14. mynd, 3. viðauki). Að meðaltali sáust 43 fuglar yfir talningatímamann.

Álftapar varp í Vesturmýri nærri Kaupþúni og kom tveimur ungunum á vatn, en aðeins annar þeirra varð fleygur en hinn hefur líklega drepist (13. mynd). Grágæsir sáust af og til en sáust ekki með ófleyga unga á vatninu. Rauðhöfðaandarkolla sást með unga. Fáeinar urtendur sáust af og til, en ekki varð vart við varp. Allnokkrar stökkendur urpu, í byrjun júlí sáust fjórar kollur með alls 19 unga. Um miðjan júlí sáust 18 steggir, sem hafa væntanlega fellt flugfjaðrir á vatninu. Á fjórða tug skúfanda sást í maílok og fáeinar kollur urpu. Stakar duggendur sáust, gulandarpar í apríl og 6 í febrúar, toppendur voru í örfá skipti (3. viðauki).




13. mynd. Álftapar á hreiðri í Vesturmýri við Hrauntanga við Urriðavatn. Myndin er tekin af bílastæði við verslanir 25. maí 2017. Ljós. JÓH.

Mest sáust 5 flórgoðar um vorið, í maílok. Að minnsta kosti eitt par varp og kom tveimur ungum á legg. Nokkuð sást af máfum sem endranær, aðallega sílamáfar, þeir nota vatnið til baða. Máfum hefur þó fækkað, eins og getið er í umræðu. Slæðingur af kríu sást um sumarið. Af öðrum fuglum má nefna 6 dílaskarfa 2. febrúar og tvo 26. mars, fjórir óðinshonar 13. júní. Á bilinu 1–3 gráhegrar voru vetrargestir, sáust frá september fram í apríl (3. viðauki).



14. mynd. Fuglar á Urriðavatni árið 2017.



15. mynd. Fuglar á Vatnsmýri árið 2017.

Vatnsmýri

Um veturinn sáust örfáar stökkendur á vökum á Vífilsstaðalæk. Að venju var mest af fuglum í Vatnsmýri á vorin, en þá voru þeir einnig sýnilegastir. Þegar gróður fer að vaxa að ráði er erfitt að sjá fugla í mýrinni, nema þá sem halda til á tjörnum og pollum. Óvenju margir fuglar sjást 13. júní en þá voru m.a. 120 starar í ætisleit í mýrinni. Að vori og fram á sumar eru skráðir fáeinir tugir fugla í mýrinni en um miðjan júlí fækkar þeim verulega (15. mynd). Að meðaltali sáust 32 fuglar í mýrinni (2. viðauki).

Álftapar varp og fór með fjóra unga sína á Vífilsstaðavatn. Þrír ungar komust þar á legg. Grágæsir sáust af og til, mest 16 í september. Urtönd og stökkönd voru algengustu endurnar. Urtendur sáust með unga í júní og júlí og jafnframt var rauðhöfðaandarkolla með 5 unga í júlí. Ekki sáust aðrar endur með unga og þetta er eini staðurinn, þar sem urtönd



16. mynd. Urtandarpar á flugi. Ljós. JÓH.

sást með unga (16. mynd). Skúfendur voru áberandi um vorið, sérstaklega 25. maí, þá voru 35 í mýrinni, en eingöngu 8 á Vífilsstaðavatni. Fuglarnir af vatninu hafa sótt í mýrina þennan dag af einhverjum ástæðum. Loks sást toppandarsteggur 25. maí.


Vaðfuglar voru tíðir og sást mest af stelki og jaðrakan. Stelkur er algengur varpfugl og sennilega verpur jaðrakan einnig. Hinn 2. júlí var 31 jarðarakan í hópi sofandi í mýrinni. Stakur óðinshani og spói sáust í lok maí. Ungur gráhegri sást 1. mars.

Hinn 25. maí sást stormmáfspar við hreiður í mýrinni. Ekki er kunnugt um að hann hafi orpið þar fyrr. Varpið misfórst og sást parið ekki aftur. Lítið var annars um máfa í mýrinni, fáeinir hettumáfar og sílamáfar. Kríur sáust nokkrum sinnum.

Allstór starahópur, 120 fuglar, sást að loknu fyrra varpi, 13. júní. Skógarprestir sáust alloft og svartþröstur tvisvar. Fyrir utan þessa spörfugla sáust þúfuttittlingar yfir sumarið og hrafn einu sinni.



17. mynd. Haust í Vatnsmýri, 5. október 2017. Ljós. JÓH.



18. mynd. Fuglar á Bessastaðatjörn árið 2017.



19. mynd. Hávellupar, steggurinn nær. Ljós. JÓH.

Bessastaðatjörn

Bessastaðatjörn er langfuglaauðugasta vatnið í Garðabæ. Þar sáust frá fjórum fuglum, þegar tjörnin var alllögð 1. mars uppí 1260 fugla þegar mest lét, 2. júlí (18. mynd). Að meðaltali sáust 680 fuglar, sem er langhæsta meðaltal fugla á þeim svæðum sem voru talin.

Æðarfugl var algengasti fuglinn, sérstaklega fyrir varptímann og þegar unga voru að klekjast, en svo hurfu þeir að mestu og eftir miðjan júlí sáust örfáir. Hámarkið var 25. maí, 565 fuglar, mest blikar (481). Í næstu talningu, 13. júní, sáust 22 ungamæður með 65 unga, eftir það fór fuglum fækkandi, í júlí sáust aðallega kollur (4. viðauki og 20. mynd). Grágæs var algengust þegar leið á sumarið, sennilega hafa yfir 500 fuglar felld á tjörninni og svo nokkuð um fjölskyldur með unga. Hámarkið var 2. júlí, 755 fuglar og þar af var 31 ungi. Í næstu talningu, 17. júlí, sáust 617 fuglar og þar af 39 ungar (4. viðauki og 21. mynd).

Aðrar algengar endur voru varpfuglarnir rauðhöfðaönd, stokkönd og toppönd. Um 80 skúfandarsteggir felldu á tjörninni. Um vorið sáust 45 duggendur og tæplega 40 hávellur (19. mynd). Aðrar en sjaldgæfari endur voru ljóshöfðaönd, gargönd, urtönd og skeiðönd. Ljóshöfði er amerískur gestur, en hinar endurnar eru strjálir varpfuglará Álftanesi. Margæs var algeng um vorið, í apríl og maí; ung blesgæs hafði vetursetu og þrjár heiðagæsir sáust um miðjan september. Engar álfir urpu að þessu sinni, en um 25 felldu flugfjaðrir á tjörninni. Stakur lómur sást síðsumars og þrjár flórigoðar um haustið (4. viðauki).


Tólf vaðfuglategundir sáust við Bessastaðatjörn, aðallega fuglar á farflugi eða í flóðsetri¹, en eitthvað var af varpfuglum og ungum sem komu að tjörninni í ætisleit eða til að baða sig. Hólminn í Kálfskinni er vinsælt flóðsetur, m.a. sáust þar rauðbrystingar, sanderlur og tildrur (4. viðauki, 22. mynd).

Hettumáfur og sílamáfur voru algengustu máfarnir, enda eru þeir báðir varpfuglar við tjörnina. Stóra hettumáfsvarpið í Stekkjarmýri er liðið undir lok, allavega tímabundið, en það var enn í góðum gir í talningunni 2014 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015). Fáeinir stormmáfar, silfur máfar, bjartmáfar, hvítmáfar og svartbakar sáust, svo og


¹ Vaðfuglar safnast saman á valda staði á flóði, þegar þeir geta ekki aflað sér fæðu í leirum og fjörum, baðast þar og hvílast.

sithvor kjóinn síðsumars. Talsvert var af kríu frá miðjum maí fram í miðjan ágúst (4. viðauki).

Starar sáust allt árið, en urðu sérstaklega áberandi eftir fyrra varp, snemma í júní og seinna varp, um miðjan júlí. Aðrir spörfuglar sem komu fram í talningunum voru maríuerla, steindepill, skógarpröstur og hrafn (4. viðauki).




20. mynd. Talning á æðarfuglum á Bessastaðatjörn 2017.




21. mynd. Talning á grágæsum á Bessastaðatjörn 2017.



22. mynd. Tildra flýr ölduna. Ljós. JÓH.



23. mynd. Fuglar á Kasthúsatjörn árið 2017.



24. mynd. Fuglar í endurheimtri mýri við Kasthúsatjörn árið 2017.

Kasthúsatjörn og endurheimt votlendi við hana

Á Kasthúsatjörn voru yfirleitt á bilinu 50-100 fuglar. Þann 25. janúar, þegar tjörnin var alauð, sást talsvert af andfuglum, fáeinir máfar og fjórir starar. Flestir voru fuglarnir 200 þann 25. maí en þá voru margar kríu og hettumáfar við tjörnina (23. mynd og 6. viðauki).

Álftapar varp við tjörnina og kom fjórum ungunum á legg. Grágæsir sáu um vorið, í apríl og maí, en ekki varð vart við unga, nema í mýrinni, sjá umfjöllun hér á eftir. Stokkönd var algengasta öndin og sást í öllum talningum nema 1. mars, þegar tjörnin var allögð. Flestar voru þær 77 þann 15. september. Ein kolla sást með 5 unga 2. júlí. Rauðhöfðakolla sást einnig með 5 unga 17. júlí. Nokkrar aðrar andategundir sáu, en þær urpu ekki: brandönd, gargönd (25. mynd), urtönd, skeiðönd, skúfönd, æður, hávella og toppönd. Ljóshöfðaönd sást um haustið á Kasthúsatjörn (6. viðauki).



25. mynd. Gargandarpar, steggurinn nær. Ljós. JÓH. Álftanes er einn af þremur höfuðstöðvum gargandar á Innesjum, hinar eru Seltjarnarnes og Reykjavíkurtjörn.

Slæðingur sást af vaðfuglum, en yfirleitt ekki nema fáeinir í hvert sinn, þann 13. október sást þó lítill heiðlóuhópur, 15 fuglar. Máfar voru fremur sjaldgæfir, þó sáust 50 hettumáfar 25. maí. Kríur sástu í þremur talningum, flestar 97 þann 25. maí. Spörfuglar voru sjaldséðir (6. viðauki).

Í ársbyrjun var hluti framræsts votlendis við austurenda tjarnarinnar endurheimt (26. mynd). Vatn safnaðist strax fyrir í endurheimta hlutanum og því fylgdi talsvert fuglalíf. Um mitt sumar þornaði svæðið og fuglum fækkaði, en þegar talningum lauk um haustið, var vatn farið að safnast aftur á svæðið og fuglalíf að aukast (24. mynd). Mest var af grágæs, m.a. 36 fuglar þann 16. maí og tvö pör með unga 15. september. Talsvert bar á heiðlóu (5. viðauki). Háleggur sást í talningu 2. júlí, en hann sást við Kasthúsatjörn og í endurheimta votlendinu af og til frá 26. júní til 17. júlí (27. mynd). Þessi fugl er talinn hafa flakkað milli Innesja (Seltjarnarnes og Álftaness) og Suðurnesja (Garðs og Sandgerðis). Hann sást til skiptis á sitthvoru svæðinu frá 20. apríl til 17. júlí. Fuglarnir gætu þó hafa verið tveir. Háleggur er suðlæg tegund og eru varpstöðvar hans við Miðjarðarhaf, Svartahaf og aðeins norður eftir Frakklandi. Þetta var í fyrsta skiptið sem hann sást á Íslandi.



26. mynd. Grágæsaþópur í endurheimtu votlendi við Kasthúsatjörn 11. apríl 2017. Ljós-
m. JÓH.




27. mynd. Háleggur sem sást við Kasthúsatjörn um mánaðamótin júní – júlí. Ljós-
m. JÓH.



28. og 29. mynd. Sitthvor hrísastelkurinn, sá til vinstri við Breiðabólstaðtjörn og til hægri hrísastelkur ásamt stelki við Kasthúsatjörn, þar sést vel munurinn á þessum tveimur frændum. Ljós. JÓH 10. maí 2016.

Breiðabólstaðtjörn

Flestir fuglar sáust á Breiðabólstaðtjörn 25. janúar, sem gæti stafað af því að aliendur og aligæsir eru fóðraðar við tjörnina og sækja villtir fuglar talsvert í fóðrið. Þann dag var tjörnin auð og sáust m.a. 11 álftir, 27 rauðhöfðaendur (31. mynd), 22 urtendur (allt steggir), 18 stökkendur, fáeinir máfar af 6 tegundum og nokkrir hrafnar og starar. Næstmesti fjöldinn var 25. maí: algengustu fuglarnir voru 73 kríur og 25 sílamáfar. Grágæsir með unga sáust frá 13. júní fram í september, en grágæs var algengasti fuglinn ásamt kríu og stökkönd (30. mynd og 7. viðauki). Athygli vekur hve hvítmáfur var algengur á tjörninni, hann var algengasti máfurinn. Slæðingur af vaðfuglum sést gjarnan í æti á grynningum við austurhluta tjarnarinnar. Hinn 10. maí 2016 sáust þar amerísku flækingsfuglarnir hrísastelkur og rákatíta, annar hrísastelkur en sá sem sást við Kasthúsatjörn sama dag (28., 29 og 32. mynd).



30. mynd. Fuglar á Breiðabólstaðtjörn árið 2017.



31. mynd. Rauðhöfðaandarpar, kollan til vinstri. Ljós. JÓH.




32. mynd. Rákatíta til vinstri með tildru við Breiðabólstaðatjörn 10. maí 2016. Ljós. JÓH

Umræða


Vífilstaðavatn, Vatnsmýri og Urriðavatn

Aðeins færri fuglar sáust nú að meðaltali á Vífilstaðavatni en 2013 eða 64 nú á móti 72 þá. Árið 2004 var meðaltalið 69 og 2005 var það 72 fuglar á talningu, svo það eru ekki miklar sviptingar í tölum fugla á vatninu.



33. mynd. Flórigoðar við hreiður á Vífilstaðavatni 14. júní 2016. Ljós. JÓH.

Flórigoðar hófu að verpa við Vífilstaðavatn sumarið 2008 og hafa orpið þar síðan, en voru áður og eru enn, mest áberandi síðsumars. Skortur á varpstöðvum virðast há fuglinum, en einnig óskýrð vanhöld og jafnvel truflun af mannavöldum. Þó eru hundar bannaðir við vatnið á varptíma og veiðibann er út frá norðurbakka vatnsins. Hundabanninu er framfylgt af landverði Garðabæjar, sem jafnframt sinnir veiðivörslu. Ýmislegt getur truflað varp nærri bökkum, s.s. veiðimenn, hundar og fuglaljósmyndarar. Það hefur löngum verið litið á stofn flórigoða á Innnesjum sem einn stofn og hann gjarnan kenndur við Ástjörn í Hafnarfirði, þar sem varp hélst nokkuð stöðugt í niðursveiflu flórigoðastofnsins uppúr miðri síðustu öld (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014). Nú urpu flórigoðar og komu ungum á legg við Vífilstaðavatn, Urriðavatn og Ástjörn, en einnig við Hvaleyrarvatn í fyrsta sinn svo vitað sé. Á flestum stöðum varð aðeins vart við 1-2 unga, en þó sáust 6 ungar á Vífilstaðavatni 4. september. Einnig fundust flórigoðar með unga á Rauðavatni í lok júní (Snorri Sigurðsson 2017) og óstaðfestur grunur eru um varp við Elliðavatn, en þar hafa sést fuglar við hreiðurgerð og lítill hópur að haustlagi. Þó styr standi um hreiðurstæðin á Vífilstaðavatni og stöðugt ósætti sé hjá fuglunum, er það í eðli þeirra að verpa nærri hver öðrum og sýnir þetta skort á heppilegum varpstöðum á stað þar sem þeir vilja verpa. Það er ráð okkar að halda áfram að hlúa að þessum sérkennilega og skemmtilega fugli við vatnið (33. mynd).



34. mynd. Duggandarpar, steggurinn til vinstri. Ljós. JÓH.

Engar stórvægilegar breytingar voru á andfluglafánunni frá síðustu talningu. Sorglegu fréttirnar eru áframhaldandi fækkun duggandar (34. mynd), en hún var auðsæ í síðustu talningu. Á árunum 2000–2005 var hún algengasta öndin á Vífilsstaðavatni og algeng á Urriðavatni. Vífilsstaðavatn var þá helsti duggandarstaðurinn á Innnesjum. Talið er að 5–10 kollur hafi orpið á vötnunum 2005, árið 2004 sáust 32 ungar á Vífilsstaðavatni og hún var einnig algeng á fartíma á vorin, t.d. sáust 44 á Vífilsstaðavatni 2. maí 2000 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006). Árið 2006 verður fyrst vart við fækkun duggandar og breytt hlutföll skúfandar og duggandar, en það ár eru þær næstum jafnmargar (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Árið 2009 er skúföndin orðin mun algengari, en duggöndinni hefur fækkað verulega og fara þær aldrei upp fyrir 15 í talningu (Jóhann Óli Hilmarsson 2010). Nú sást stakt par um vorið, á móti þremur árið á undan (2016) og 5 fuglar síðsumars, eingöngu stakir fuglar á Urriðavatni. Ekkert benti til varps neins staðar á athugunarsvæðinu (Álftanes meðtalið). Þessi fækkun er á landsvísu og er duggönd nú komin á íslenskan valista (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2017).

Skúfönd var nú algengasta öndin eins og undanfarin ár. Mun fleiri steggir felldu flugfjaðrir nú en þegar síðast var talið. Í talningunni 16. maí höfðu skúfendurnar flutt sig af Vífilsstaðavatni yfir í Vatnsmýri. Þær gætu hafa orðið fyrir styggð, en ekki er ljóst hvaða. Stökkönd var algengasta buslöndin (gráöndin) sem fyrr. Stökköndum í felli hefur fækkað nokkuð frá því talið var síðast. Ekki er ljóst hvers vegna það er, en hugsanlega vegna aukinnar umferðar og truflunar.

Ánægjulegt var að sjá að álftin er búinn að ná fótfestu í Vatnsmýri og enn fremur við Urriðavatn og nær að koma upp ungum á báðum stöðum. Það sama er ekki hægt að segja um Ástjörn, þar gengur álftavarp brösuglega (óbirtar athuganir höf.).

Mun færri máfar sáust nú á Urriðavatni og á setstað á Hrauntanga, heldur en í fyrri talningum. Nú sástu engir svartbakar, örfáir hettumáfar, silfur máfar og hvítmáfar og miklu færri sílamáfar heldur en í talningum 2000–2013. Ef til vill er sílamáfastofninn ekki búinn að rétta úr kútnum eftir ætisskort á árunum 2005–2014, sömu sílapurrð og herjaði á aðra sjófuglastofna á Suður og Vesturlandi, sbr. umfjöllun um kríu hér á eftir (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015, Jóhann Óli Hilmarsson 2017).

Minna kríuvarp var við Vífilsstaðavatn en oft áður. Fáein pör verpa þó enn við vatnið.

Bessastaðatjörn

Samanburður við talningu þremur árum fyrr sýnir, að nokkru færri álftrir felldu flugfjaðrir. Rúmlega 200 færri grágæsir sáust nú en 2014, en það kallar samt ekki á neinar vangaveltur um fækkun. Nú sáust nokkru fleiri gæsarungar en þá. Sama má segja um æðarfugl, nú sáust um 200 færri fuglar heldur en síðast í síðari hluta júní, en þeir voru fleiri seint í apríl og ungatala var svipuð. Æðarvarpið í Bessastaðanesi gekk vel að þessu sinni að sögn umsjónarmanna varpsins (Friðbjörn B. Möller). Nokkru færri skúfandarsteggir felldu flugfjaðrir nú en fyrir þremur árum, 78 nú á móti 157 þá. Annars var skúföndin á svipuðu róli. Duggandarhámarkið var svipað, en mun færri fuglar sástu frá vori framá haust, 12 fuglar að meðaltali á móti 22 fuglum árið 2014. Þetta er í samræmi við fækkun duggandar á Vífilsstaðavatni og reyndar á landsvísu. Hávellu heldur áfram að fækka, vorhámarkið nú (25. apríl) voru 38 fuglar á móti 82 fyrir þremur árum (24. apríl). Annars var mynstrið eins 2017 og 2014, fuglarnir hurfu í maílok, en sáust svo aftur í október (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014, Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1993). Toppandartalan var svipuð framan af ári, en færri ungar sáust og hausthámark sem kom fram 2014, 106 fuglar þann 15. september, vantaði nú. Mynstur rauðhöfðaandar var svipað, álíka margir fuglar sáust og hausthámarkið var nokkru hærra nú, 203 fuglar á móti 159 árið 2014. Stokkendur voru álíka margar og 2014 og hámarkið (síðsumars) jafnhátt og þá. Nokkru fleiri urtendur sáust um vorið, færri um haustið. Svipað sást af gargöndum um vorið, en færri síðsumars. Mun fleiri margæsir sáust nú en 2014, en þá var talið á öllu Álftanesi og á fjöru, sem hefur ekkert að segja á tjörnunum.

Svipað mynstur var hjá vaðfuglum nú og 2014. Tvö hámrök voru nú eins og þá, uppúr miðjum maí og um miðjan ágúst sem er í takt við fartíma vaðfugla. Nú sáust tvær sanderlur, ívið meira af lóupræl og tildru, en færri jaðrakanar. Mun færri sílamáfar sáust nú en 2014.

Hettumáfsvarpið í Stekkjarmýri, við norðanverða tjörnina, er nú horfið, en þar urpu um 400 pör 2014. Varpið var í hámarki 1992, 830 pör og var það þá talið stærsta hettumáfsvarp landsins. Varpið flutti sig um set, á Ástjörn í þrjú ár, 1996-99, en svo til baka aftur, á Bessastaðatjörn. Ekki er vitað hvert máfarnir fóru nú, allavega voru þeir ekki við Ástjörn (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014, ath. höf.). Hugsanlega má rekja fækkun sílamáfs og hvarf hettumáfs til sömu ástæðna, til afráns manna eða dýra.

Meira sást af kríu nú en 2014, enda hefur kríuvarp eflst á ný á Innnesjum, eftir fæðuskort og lélega varpaafkomu á tímabilinu 2005-2014 (Jóhann Óli Hilmarsson 2017). Stari var algengasti spörfuglinn sem fyrr, en spörfuglar voru annars ekki mjög áberandi í talningunum þarna.

Kasthúsa- og Breiðabólsstaðatjörn

Eitthvað færri fuglar sáust á Kasthúsatjörn en 2014, meðan aðeins fleiri voru á Breiðabólsstaðatjörn heldur en þá. Nokkru færri grágæsir voru á báðum tjörnunum og færri ungar á Breiðabólsstaðatjörn, en 2014. Algengustu endurnar voru stökkönd og rauðhöfðaönd sem fyrr. Mun færri rauðhöfðar sáust um haustið, en 2014, nú var varp staðfest, en ekki þá. Talsvert fleiri stokkendur sáust nú og munar mest um stærri hausthópa. Brandendur héldu lengur til á Kasthúsatjörn í ár heldur en 2014 og má gera ráð fyrir að þær fari að verpa á Álftanesi eins og í nágrenninu, þær urpu í fyrsta sinn á Seltjarnarnesi vorið 2017 og hafa orpið um skeið í Leiruvogi (Jóhann Óli Hilmarsson 2017).

Fuglalíf tók strax við sér í endurheimtu votlendi við Kasthúsatjörn. Það sýndi hversu áhrifarík slík endurheimt er fyrir lífríkið. Álftrir komu upp ungum við Kasthúsatjörn eins og árið 2014. Það má gera ráð fyrir því að þegar blotnar meira við tjörnina verði til aukin votlendisgróður álfutum og öðrum votlendisfuglum til hagsbóta.

Eldri upplýsingar höfunda frá tjörnunum á Álftanesi eru takmarkaðri en frá vötnunum og því verða ekki dregnar frekari ályktanir af þeim.



35. mynd. Endurheimt votlendis við Urriðavatn. Höfundar stungu fyrst uppá endurheimt í skýrslu árið 2006 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006). Ljós. JÓH 17. júlí 2017.

Lokaorð

Vötn og votlendi í landi Garðabæjar fóstora ríkulegt fuglalíf. Vöktun fuglalífs á vötnum og mýrum í Garðabæ gefur áhugaverðar upplýsingar um fjölda fugla og tegundasamsetningu á talningarárinu, jafnframt varpar hún ljósi á breytingar sem verða milli ára. Það er mikilvægt að til séu upplýsingar um fuglalíf á þessum svæðum fyrir sveitarfélagið og almenning. Fuglar eru góður mælikvarði á ástand lífríkis. Fróðlegt hefur verið að fylgjast með varpi flórigoða og hvernig hann brást við tilbúnum hreiðurstæðum í Vífilsstaðavatni. Það verður áhugavert að fylgjast með framvindu fuglalífs í endurheimtum mýrum við Kasthústjörn og Urriðavatn (26. og 35. mynd). Jafnframt var endurheimt votlendi uppaf tveimur vikum á Bessastaðanesi (sjá 5. mynd). Þessar framkvæmdir eru í umsjá Landgræðslu ríkisins, sem sér um mælingar og fylgist með þróun endurheimtarinnar.

Garðabær er með einna metnaðarfyllstu fuglavöktunina af sveitarfélögum á landinu öllu, þar sem fylgst er með fuglum á vötnum og í fjöru á reglubundinn og skipulagðan hátt. Okkur rekur aðeins minni til að nágrennasveitarfélögin Seltjarnarnes og Reykjavík standi fyrir reglulegum vöktunum á fuglum á afmörkuðum svæðum. Jafnframt hefur meira verið friðlýst í Garðabæ, heldur en víðast hvar annars staðar og horfum við þá sérstaklega til fjörunnar. Í nýútkomnu riti um Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, er ysti hluti Álftaness og allar fjörur á skránni (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Þetta er í samræmi við skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, *BirdLife International* um mikilvæg fuglasvæði (IBA, Ólafur Einarsson 2000).

Eins og bent hefur verið áður (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006, 2009, 2013) þarf að huga betur að vernd varpsvæða fugla við vötnin, þar sem þau eru að hverfa í trjágróður, sem einnig þurrkar upp mýrarnar. Æskilegt væri að endurtaka varpfuglatalningar sem gerðar voru við Urriðavatn og Vífilsstaðavatn 2004 (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006) og fá samanburð nú þegar byggingarframkvæmdir eru komnar í fullan gang og stígar hafa verið gerðir við Urriðavatn. Jafnframt mætti telja varpfugla í Vatnsmýri, en það hefur aðeins verið gert lauslega hingað til.

Ýmsir þættir hafa verið nefndir til að auðvelda fólki aðgengi og bæta aðstöðu til fuglaskoðunar. Stígur meðfram Vatnsmýri auðveldar aðgengi að mýrinni. Þar mætti setja upp fræðsluskilti. Einnig skortir fræðsluskilti við Bessastaðatjörn, austanvert Urriðavatn og Breiðabólssstaðatjörn. Bent hefur verið á kosti fuglaskoðunarhúsa, t.d. við Vífilsstaðavatn (Jóhann Óli Hilmarsson 2010) og víða mætti setja upp slík hús á Álftanesi, t.d. við Bessastaðatjörn. Höfundar eru boðnir og búnir að veita ráðgjöf við hönnun og staðsetningu slíkra húsa.

Heimildir

- Guðmundur A. Guðmundsson 1996. *Kasthúsatjörn í Bessastaðahreppi: Tillaga um afmörkun friðlands*. – Álitsgerð unnin fyrir Sveitarstjórn Bessastaðahrepps. Náttúrufræðistofnun Íslands, janúar 1996. 3 bls. + kort.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2010. *Fuglalíf í Heiðmörk*. Unnið fyrir Reykjavíkurborg og Garðabæ vegna deiliskipulagsvinnu, 48 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2017. *Varpfuglar á Seltjarnarnesi árið 2017*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 19 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2004. *Þéttleiki mófugla á landi Skógræktarfélag Garðabæjar á Smalaholti og í Sandahlíð sumarið 2003*. Unnið fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar, 9 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006. *Fuglar á vötnum og votlendi í Garðabæ 2000, 2004 og 2005*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 33 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009. *Fuglar á vötnum og votlendi í Garðabæ árið 2006. Með viðbótum frá 2007 og 2008*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Garðabæjar, 10 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2013. *Fuglalíf í Garðabæ 2013. Talningar á Arnarnesvogi, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 30 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014. *Fuglalíf í Hafnarfirði 2013. Talningar á Ástjörn, Hvaleyrarvatni og Hafnarfjarðarlæk*. Unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ, 20 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015. *Fuglalíf á Álftanesi. Fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum árið 2014*. Skýrsla, unnin fyrir Umhverfisnefnd Garðabæjar, 72 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2017. *Nýr fuglaválisti*. Veitir válisti vernd? Málþing um íslenska fuglaválistann, 22. september 2017. Fuglavernd.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, 296 bls.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 292 bls.
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). BirdLife International, Cambridge. Bls. 341–363.
- Snorri Sigurðsson 2017. *Flórgoði verpur við Rauðavatn*. <http://reykjavik.is/frettir/florgodi-verpir-vid-raudavatn> (skoðað 27.12.2017).
- Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1993. *Fuglalíf Bessastaða og nágrennis*. Óbirt skýrsla unnin fyrir Bessastaðanefnd. 23 bls. + 42 myndir.

Viðaukar

1. viðauki. Talningar á Vífilsstaðavatni 25. janúar til 13. október 2017. Tvær aukatalningar voru 4. sept. og 5. okt., þá voru aðeins valdar fuglategundir taldar.

Fuglar	Dags.	25/ 1	1/3	26/ 3	11/ 4	25/ 4	16/ 5	25/ 5	13/ 6	2/7	17/7	15/8	4/9	15/ 9	5/10	13/1 0
Ís		0%	90%	0%	0%											
Álft	Fullo.		3			1		2	2	2	2			2	2	2
Álft	Ungar								4	3	3			3	2	3
Grágæs								4						32		
Rauðhöfði	Steggur	2	1		1			1	2					2		1
Rauðhöfði	Kolla	2	1		1									3		
Rauðhöfði	Ókyngur.			10										5	25	3
Stökkönd	Steggur		4	1	1	5	7	3	5	3	7	6				
Stökkönd	Kolla		3	1	1	2	1	2			2	5		2		
Stökkönd	Ungar										6					
Stökkönd	Ókyngur.											1				
Hringönd	Steggur					1										
Skúfönd	Steggur				10	21	1	5	24	107	56	7		2		
Skúfönd	Kolla				3	13	1	3	7	12	14	2				
Skúfönd	Ungar										49	5				
Skúfönd	Ókyngur.											103		31	8	3
Duggönd	Steggur					1	1	1		1	1					
Duggönd	Kolla					1	1	1			4					
Duggönd	Ókyngur.															2
Toppönd	Steggur					4	3	6	1							
Toppönd	Kolla					2	2	1	2					1	1	2
Toppönd	Ungar													7	6	
Gulönd	Steggur															1
Gulönd	Kolla					2										
Rjúpa									2							
Himbrimi							1	1	1	1	1					
Flórgoði	Fullo.				3	4			1	1	2	13	15	13	1	
Flórgoði	Ungar											1	6		1	1
Dílaskarfur		1														
Lóuþræll									1							
Óðinshani									3	2						
Hettumáfur								1								
Sílamáfur							1				2	1				
Svartbakur		1														
Kría							24	4	14	8	4					
Þúfutittling.						1										
Maríuerla											2					
Skógarþr.						4										5
Hrafn		25	2													
Alls		31	14	12	20	62	43	35	69	140	155	144	-	103	46	23

2. viðauki. Fuglatalningar í Vatnsmýri 25. janúar til 13. október 2017.

Fuglar	Dags.	25/1	1/3	26/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
Ís		0%	50%	0%	0%									
Álft				2		1	2	2						
Grágæs			8		2			1	1				16	
Rauðhöfði	Steggur						1							
Rauðhöfði	Kolla									1	1			
Rauðhöfði	ungar									1	5			
Urtönd	Steggur		3	2	2	2	2	2						
Urtönd	Kolla		4	1	1	1	1				1			
Urtönd	Ungar								1		3			
Urtönd	Ókyngur.								1					
Stökkönd	Steggur	1	2	2	1	6	9	11	3	1				
Stökkönd	Kolla	1		2	1	4	1	3				1		
Stökkönd	Ungar													
Stökkönd	Ókyngur.												2	
Skúfönd	Steggur				3	4	21	6	3	1				
Skúfönd	Kolla				3	4	14	5	2	1				
Toppönd	Steggur							1						
Gráhegri	Ungur		1											
Tjaldur						1	1							
Heiðlóa							3	1	1	2				
Hrossagaukur									3					
Jaðrakan						4	2		1	31	1			
Spói								1						
Stelkur						3	2	4	2	6	1			
Óðinshani								1						
Hettumáfur							1		1	2				
Stormmáfur								2						
Sílamáfur							4							
Kría							2		2	1	3			
Púfutittling.									1			2		
Svartþröstur				1							1			
Skógarþr.				1		2		1				1	3	1
Hrafn							1							
Stari								1	120					
Alls		2	18	11	13	32	67	42	142	47	16	4	21	1

3. viðauki. Fuglatalningar á Urriðavatni 25. janúar til 13. október 2017.

Dags.		25/1	1/3	26/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
Ís		0%	99%	0%	0%									
Álft	Fullo.					1	2	2	2	2	2	2	4	2
Álft	Ungar								2	2	1	1		1
Grágæs		8				12							22	8
Rauðhöfði	Kolla									1				
Urtönd	Steggur						2	4	3	2				
Urtönd	Kolla									1			2	
Stökkönd	Steggur				3	6	1	2	10	1	18	7		
Stökkönd	Kolla			1	2	4	1		3	4	7	4		
Stökkönd	Ungar								7	19	12	2		
Stökkönd	Ókyngur.											14	8	
Hringönd	Steggur						1							
Skúfönd	Steggur					10	12	21	18	20	3	2	4	
Skúfönd	Kolla					5	7	10	5	4		2	1	
Skúfönd	Ungar											4		
Skúfönd	Ókyngur.											18		
Duggönd	Steggur							1		1				
Duggönd	Kolla											1		
Toppönd	Kolla				1						2			
Toppönd	Ungar													
Gulönd	Steggur	1			1									
Gulönd	Kolla				1									
Flórgoði	Fullo.					1	4	5	1	2	2	3	1	
Flórgoði	Ungar											1		
Dílaskarfur	Ungar			2										
Gráhegri													1	2
Tjaldur						2				1				
Heiðlóa								1						
Hrossag.						1		2	4	1				
Jaðrakan						2			3					
Stelkur						2				5	1			
Óðinshani									4					
Hettumáfur							3					2		
Silfur máfur					1		1		1				2	
Sílamáfur					4		22	10	10	2	9	21	2	
Hvít máfur													2	
Kría							2	3	4	2	4	1		
Púfutittl.									5		1			
Skógarþr.								2					2	
Stari											1		4	
Alls		9	0	3	13	46	58	63	82	70	63	85	55	13

4. viðauki. Fuglatalningar á Bessastaðatjörn 25. janúar til 13. október 2017.

Fuglar	Dags.	25/1	1/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
	Kyn/aldur	0%	98%	0%									
Álft	Fullo.	12	3		2	1	2	1	6	22	25	20	35
Álft	Ungar											4	7
Grágæs	Fullo.	4	1	30	80	123	120	315	724	578	49	18	
Grágæs	Ungar						6	38	31	39	9		
Heiðagæs												3	
Blesgæs	Ungar	1											
Margæs				20	117	174	133						
Rauðhöfði	Steggur	7		12	21	2	7	2	4				49
Rauðhöfði	Kolla	7		12	18	1		2	1	1	2		51
Rauðhöfði	Ókyngur./U									7	2	203	
Ljóshöfði	Steggur				1								
Gargönd	Steggur			2		1		3					
Gargönd	Kolla			2		1		1				2	
Urtönd	Steggur			6	1	1							2
Urtönd	Kolla			5	1					1			1
Stökkönd	Steggur	8		4	9	3	3	3	2	3	10		
Stökkönd	Kolla	6		4	6	2		2	2	2	1		
Stökkönd	Ókyngur./U							7		6		33	
Skeiðönd	Steggur							2					
Skúfönd	Steggur	19		9	9	11	26	63	78	51	62	49	41
Skúfönd	Kolla	11		6	7	5	14	11	7	11	13	16	48
Skúfönd	Ókyngur.										25		
Duggönd	Steggur	2		10	25	8	11	8	5	1	1	2	2
Duggönd	Kolla	3		6	20	4	5	1			9	3	8
Æður	Bliki			38	98	143	481	201	13				
Æður	Kolla			39	95	72	84	72	103	57	4		
Æður	Ungar							65	4	2			5
Æður	Ókyngur.										5	4	
Hávella	Steggur	5		9	24	2	1						5
Hávella	Kolla	3		5	14	2	2						4
Toppönd	Steggur	12		3	12	3	10	3	3	2			4
Toppönd	Kolla	14		6	10	3	12	2	4		4	4	17
Lómur											1		
Flórigoði	Ungar												3
Tjaldur				13	18	3	7	9	14	21	17		
Sandlóa							1	3	11	5			
Heiðlóa					22	2	7	7		1			
Rauðbryst.					9						12		
Sendlingur					4						1		
Lóuþræll						3	8	10	16	3	6		
Sanderla							2						
Hrossagau.							1						
Jaðrakan					3		1				2		
Spói						1		3		2			
Stelkur				2	2	4	5	5	2	14	1	18	

4. viðauki. Fuglatalningar á Bessastaðatjörn frh.													
Fuglar	Dags.	25/1	1/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
Tildra					9	2	28	1		7	80	1	
Kjói										1	1		
Hettumáfur				14	12	4		4	65	29	1		
Silfurmafur					2		1						
Sílamáfur				22	32	17	22	29	8	17	9	1	
Bjartmáfur		2			2								1
Hvítmáfur					6							1	
Svartbakur		3				1	1	1	2				1
Kría						236	144	32	132	109	21		
Maríuerla							3		1	7	2		
Steindepill											1		
Skógarþr.					7								1
Hrafn		2		1	3								2
Stari		6			2	4	4	107	6	82	6	12	10
Alls		127	4	280	703	839	1152	1013	1244	1081	382	394	297

5. viðauki. Fuglatalningar endurheimtu votlendi við Kasthúsatjörn 11. apríl til 13. október 2017.

Fuglar	Kyn/aldur	11.4.	25.4.	16.5.	25.5.	13.6.	2.7.	17.7.	15.8.	15.9.	13.10.
Grágæs	Fullo.	10	12	36	30	10				4	
Grágæs	Ungar					3				5	
Urtönd					1						10
Stökkönd			2	3	1	1	6*				
Háleggur							1				
Tjaldur			2				3				
Sandlóa					4		1		4		
Heiðlóa				4	1	11		7	1		
Lóupræll					2						
Hrossi			1			1					
Stelkur				4	2		1	5			
Svartbakur				1							
Kría							1				
Maríuerla								1			
Skógarþröstur											2
Stari				1	9	5		3			8
Samtals		10	17	49	50	31	12	16	5	9	20

* Kvk og kvk m. 5 unga.

6. viðauki. Fuglatalningar á Kasthúsatjörn 25. janúar til 13. október 2017.

Dags.		25/1	1/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
Ís		0%	100%	0%									
Álft	Fullo.	2				2	2	1		2	1		
Álft	Ungar							1		4	4		
Grágæs	Fullo.	3		22	16	4	15						3
Grágæs	Ungar												
Margæs					30								
Brandönd	Steggur				1	1							
Brandönd	Kolla				1	2	1						
Rauðhöfði	Steggur	6		6	3	1	1					10	14
Rauðhöfði	Kolla	3		4	5	1				3	2	5	10
Rauðhöfði	Ókyngur.									5	16		
Ljóshöfði	Steggur												1
Gargönd	Steggur					1	1					1	2
Gargönd	Kolla					1							5
Urtönd	Steggur	4		3	3		1					1	
Urtönd	Kolla	2		1	2						5	2	
Stökkönd	Steggur	23		4	12	3	4	10	12	20	21	58	20
Stökkönd	Kolla	13		2	7	1	4	2	2	9	9	19	7
Stökkönd	Ungi										1		
Skeiðönd	Steggur						1						
Skúfönd	Steggur			1	1	2		2					
Skúfönd	Kolla				1	2							
Æður	Bliki						1						
Æður	Kolla							1					
Hávella	Steggur				1	1							
Toppönd	Steggur	1			5	1	2	3					1
Toppönd	Kolla	1			1	1			1				
Tjaldur				2	2	1		1					
Háleggur									1				
Sandlóa					1		1						
Heiðlóa					2			1					15
Sanderla						1							
Louþræll						3	2						
Stelkur						2	2	2					
Tildra							1						
Óðinshani							8						
Hettumáfur					3	7	51					1	
Silfur máfur		1											3
Sílamáfur				2	2	1	1	1			1		
Bjartmáfur		2											
Hvítmáfur					2								
Svartbakur					2								
Kría						22	97		24				
Þúfutíttl.									4				
Steindepill												1	
Stari		4			1		4						
Samtals		65	0	47	104	61	200	25	45	43	60	98	81

7. viðauki. Fuglatalningar á Breiðabólstaðatjörn 25. janúar til 13. október 2017.

Dags.		25/1	1/3	11/4	25/4	16/5	25/5	13/6	2/7	17/7	15/8	15/9	13/10
Ís		0%	100%	0%									
Álft	Fullo.	11		4	1		1	1					
Álft	Ungar	1											
Grágæs	Fullo.	2		13	16	4	1	16	8	48	5	2	3
Grágæs	Ungar							10	1	5	4	1	
Rauðhöfði	Steggur	15		7	4	1							2
Rauðhöfði	Kolla	12		5	3						1		1
Gargönd	Steggur						1	1					
Gargönd	Kolla							1					
Urtönd	Steggur	22											
Urtönd	Kolla											10	
Stökkönd	Steggur	11			2		1		2		19		13
Stökkönd	Kolla	7			1		1				2		9
Stökkönd	Ókyngur.											8	
Stökkönd	Ungi										1		
Skeiðönd	Steggur					1							
Skúfönd	Steggur				2	6	1	1					
Skúfönd	Kolla				1	2		1					
Æður	Bliki							2					
Æður	Kolla							1					
Hávella	Steggur				2								
Hávella	Kolla				2								
Tjaldur					1	1		1	3	2			
Sandlóa									1	2	12	6	
Heiðlóa									1			2	
Sanderla						1							
Rákatíta									1				
Lóupræll							1		1	2	23		
Hrossagaukur						1		2	2	1			
Stelkur						1	1						
Tildra						3	1						
Óðinshani									1	1			
Kjóí										1			
Hettumáfur		5			2	4	1	3				2	
Stormmáfur		4											
Silfur máfur		4		2	7	4	1					1	
Sílamáfur				3	2	8	25	2			3		
Bjartmáfur		2			6								
Hvítmáfur		6		3	24	26	1						
Svartbakur		5		3	9	7	3						
Kría						10	73	11	24	6			
Maríuerla						2							
Hrafn		4	1										
Stari		12		18	6	6	4	16	1		2		
Alls		123	1	58	91	88	117	69	46	68	72	32	28